

MONITOR



FRÍTT
EINTAK

TÓNLIST, KVIKMYNDIR, SJÓNVARP, LEIKHÚS, LISTIR, ÍPRÓTTIR, MATUR OG ALLT ANNÆÐ

ROVIO

ANGRY BIRDS IS A REGISTERED TRADEMARK OF
ROVIO ENTERTAINMENT LTD. ALL RIGHTS RESERVED.
COPYRIGHT ©2009-2012 ROVIO ENTERTAINMENT LTD.
ALL RIGHTS RESERVED.



ANGRY BIRDS™



WWW.FAZERCOM/ANGRYBIRDS

Gylfi Þór Sigurðsson er eini maðurinn sem ljáð hefur forsíðu Monitor andlit sitt þrisvar sinnum.

Drepinn ef ég verð leiðinlegur



Leikarinn **Björn Hlynur Haraldsson** hreppti hlutverk í bandarísku þáttaröðinni **The Borgias** sem teknir verða upp í Ungverjalandi frá og með næsta mánuði.

„Ég er bara búinn að sjá einn þátt af þessu svo ég þarf að fara að spýta í lófana og kynna mér þetta almennilega. Það er bara svo leiðinlegt að vera inni að horfa á vídjó þegar það er svona gott veður,“ segir Björn Hlynur Haraldsson, leikari, sem landaði á dögunum hlutverki í þriðju þáttaröð The Borgias. Þættirnir eru framleiddir fyrir sjónvarpsstöðina Showtime í Bandaríkjunum en hafa einnig verið sýndir á SkjáEinum. „Þetta er svona kardináládrama sem fjallar um þessa Borgia-fjölskyldu. Það er enn verið að skrifa handritið en mér sýnist á öllu að ég eigi að leika stríðsmann sem tengist sögu þessarar fjölskyldu, ég á að minnsta kosti að vera með sverð og eitthvert vesen.“ Með aðalhlutverki í þáttunum fer leikarinn Jeremy Irons, en hann leikur Alexander VI páfa.

Björn Hlynur segir tækifærið hafa komið til að tilstuðlan umboðsmanns síns. „Ég er með umboðsmann í London sem sendir mig af og til í þessum úti, þannig að ég er alltaf á höttunum eftir einhverju svona og svo datt þetta bara inn. Þetta leggst auðvitað bara vel í mig. Þetta er stórt um sig, tekið upp í risastóru stúdíói í Búdapest og það er alltaf gaman að fá að taka þátt

einhverju svona umfangsmiklu. Þetta verður nett ævintýri.“

Seríurnar gætu orðið fleiri

„Framleiðendur þáttanna hafa sagt mér að ég eigi að vera í flestum þáttunum í þessari seríu þannig að ég er mjög sáttur við það,“ segir Björn, en hvernig mun þetta hafa áhrif á önnur verkefni leikarans? „Ég þurfti allavega að strauja öll önnur verkefni mín út af borðinu frá ágúst til nóvember, svo þetta verður nokkur mánaða verkefni. Svo segja þeir mér reyndar að karakterinn minn verði með í fjórðu seríu líka svo kannski verð ég eitthvað þarna á næsta ári líka. Þetta er náttúrlega byggt á sannri sögu og ég veit allavega að samkvæmt manngynssögunni deyr persónan mín ekki strax í næstu seríu. Það er það sem menn hugsa alltaf þegar þeir fá hlutverk í svona seríu, hvenær karakterinn þeirra drepst,“ bætir hann við á léttum nótum. „En svo veit maður nú aldrei hvort þeir breyti handritunum og falsi söguna. Ef ég verð eitthvað leiðinlegur, þá drepa þeir mig kannski bara.“

elg

MMM

MONITOR MÆLIR MED...

FYRIR HEILSUNA

Í sumar býður Hitt húsið ásamt Andreu Elínu jógakennara upp á **gjaldfrjálsa jóga tíma fyrir byrjendur**.



Námskeiðið hefst 17. júlí og er öllum á aldrinum átján til tuttugu og fimm ára er boðið að koma og taka þátt. Frekari upplýsingar er hægt að finna á Facebook-síðu Hins hússins.

FYRIR HELGINA

Það er nóg um að vera hjá Hinu húsinu um helgina. Á föstudaginn er **síðasta Föstudagsfórlídi listahópa Hins hússins** en þeir hafa gætt götur miðbæjarins miklu lífi



í sumar. Dagskráin hefst kl. 12 og stendur kl. 14. Á laugardegnum fer síðan fram **flóamarkaður** í kjallara Hins

hússins frá kl. 13-17 en þar kemur ungt fólk saman og selur notuð föt og annað dóteri. Það er því um að gera fyrir alla að drífa sig niður í bæ, njóta góða veðursins og skemmtilegrar dagskrár.

Í HÖRPU

Íslenski Expo-skálinn sem frá Heims-sýningunni í Shanghai árið 2010 og Bókamessunni í Frankfurt 2011 er þessa dagana til sýnis í Hörpu.



Í skálanum má meðal annars sjá 360° stuttmynd sem framleidd var SagaFilm og sýnir landið okkar í öllum sínum fjölbreytileika. Ekki láta þessa sýningu framhjá ykkur fara en opið er alla daga frá kl. 10-18 út 6. ágúst.

Vikan á facebook



Sölvi Tryggvason
Vinsælustu fréttir síðustu tveggja daga á DV:

1. „Með standpínu í sumarfríinu“
 2. „Drottning trúðaklámsins lést úr krabbameini“
- Neytendur fjölmiðla verða að gyrða sig í brók áður en þeir skamma sendiboðann fyrir að segja ekki nógu merkilegar fréttir!

11. júlí kl. 12:11



Garðar Gunnlaugs
Auglýsi eftir nenninu mínu, barnslaus í kvöld en samt nennir maður ekki að gera neitt :p

10. júlí kl. 19:54



Jón Ólafsson
Er að horfa á ÍBV-KR á Stöð 2 Sport.. Er útsendingin í gegnum

Þvottabala eða hvað? Maður hefur það á tilfinningunni að maður sé að horfa á VHS spólu...Afhverju þessi afleitu myndgæði árið 2012? Er verið að nota eitthvað gamalt drasíl til að senda út?

8. júlí kl. 16:57



Saga Sig
REYKJAVIK!!!
11. júlí kl. 09:21

FEITAST Í BLAÐINU

4 Blaðmaður Monitor skrápp út á **Hróarskeldu** og tók púlsinn á hátíðinni.



7 Gylfi Sig bíður spennur eftir því að spila á **White Hart Lane** en kvíðir busuninni.



12 Ted er tekin fyrir sem frumsýning vikunnar og í kvikmyndagagnrýninni.



14 Stíllinn fékk Þóreyju Bergs til að klæða sig upp fyrir fjögur tilefni.



Efst í huga Monitors Að skreppa út

M Á morgun held ég til Frakklands í langþráð sumarfri.

Það er eitthvað við það að komast aðeins út fyrir landsteina þessarar litlu eyju okkar sem kitlar alltaf einhverjar taugar. Í útlöndum er (oftast) betra veður en á Íslandi, þar er meira úrval af fötum og öðrum varningi og svo er bara oft á tíðum meira um að vera þar heldur en heima.



Í raun snýst þetta ef til vill fyrst og fremst um menninguna. Það er svo gaman að komast í aðra menningu og kynna öðrum síðum. Það er gaman að geta setið á kaffihúsi með vinum sínum og talað íslensku um fólkíð á næsta borði án þess að það hafi hugmynd um. Það er gaman spreyta sig á erlendri tungu, þótt það heppnist kannski sjaldnast jafnvel og lagt var upp með í byrjun.

Þá má ekki gleyma hve gott það er að slappa af í hálfhlutlausu umhverfi. Nýjar slóðir, eins og sólarströnd í Suður-Frakklandi, eru fullkomið hvíldarumhverfi þar

sem þær ættu ekki á nokkurn hátt að geta minnt mann á hlutina sem kunna að kalla fram stress og áhyggjur skildar voru eftir á heimaslóðum.

Enn er þó ónefndur einn ávinningurinn sem fæst með því að skjótast út fyrir landsteinana. Staðreyndin er nefnilega sú að við það að fjarlægjast heimkynninn sín minnir það mann alltaf á hvað maður hefur það gott heima á Íslandi. Það gildir um allt frá því hvað vatnið er gott á Íslandi og mjólkinn bragðast þar betur yfir í hve fríðsælt er heima miðað við í hinum ýmsu stórborgum heimsins. Eins spennandi og það kann að vera að skreppa út, þá er einhvern veginn alltaf besta heima.

Ég óska öllum gleðilegra sumarstunda og vona að flestir fái tækifæri til að ferðast sem mest innan- og utanlands.

Bestu kveðjur,
ELG

MONITOR@MONITOR.IS Ritstjóri: Jón Ragnar Jónsson (jonragnar@monitor.is) **Framleiðslustjóri:** Hilmar Gunnarsson (hilmar@monitor.is)
Bláamenn: Einar Lövdahl Gunnlaugsson (einar@monitor.is) Lís Hafliðadóttir (lisa@monitor.is) **Umbrot:** Rebekka Líf Alberts (rebekka@mbl.is)
Auglýsingar: Auglýsingadeild Árvakurs (augl@mbl.is) **Forsíða:** Sigurgeir Sigurðsson (sigurgeir@mbl.is)
Myndvinnsla: Ingólfur Guðmundsson **Útgefandi:** Árvakur **Prentun:** Landsprent **Sími:** 569 1136

Roskilurðu hvað þetta var gaman?

Blaðamaður **Monitors** brá sér á **Hróarskelduhátíðina** um síðastliðna helgi og rannsakaði tónleikana og hátíðargesti gaumgæfilega



EINAR LÖVDAHL
GUNNLAUGSSON

Hróarskeldudagbókin

Fim. 5. júlí

Rokkarar horfa á Forbrydelsen

Lenti í Kaupmannahöfn í gær. Annar hver maður á mínum aldri var með stúdentshúfu á hausnum jafnvel þótt liðnar séu nokkrar vikur frá útskrift. Hvað er málið með það? Ætli þessir krakkar fá frían mat út á þetta trekk í trekk eins og íslenskir stúdentar fá fría drykki þetta eina kvöld sem þeir nota húfuna sína? Sá rapparinn Wiz Khalifa á sviði í dag, sem lét reyndar bíða eftir sér. Menn segja mér að slíkt sé ekki algengt í Hróarskeldu. Snemma í prógrammi sínu spurði hann áhorfendur hver þeirra væri að reykja besta grasið og fleygði sér svo beint í smellinn Young, Wild & Free við fögnuð viðstaddra. Sá líka The Cure. Taldi mig þekkja þá vel, þar til ég hlustaði á þá spila í þrjár klukkustundir. Robert Smith, söngvari hljómsveitarinnar, baðst afsökunar á vankunnáttu sinni í dönsku en sagðist þó hafa horft á þættina Forbrydelsen (en þar nafnið að vísu vitlaust fram).

Fös. 6. júlí

Superman bugaður af þynnku

Hér er mikið af fólki klætt í grímubúninga. Það getur verið mjög fyndið að sjá strák í Superman-búning leiða stelpu klædda upp sem kú, einkum þegar þau eru bæði buguð á svip af þynnku. Það er samt ljótt að hlæja að óförum annarra. Stóru nöfnin í dag voru Gossip og Jack White. Beth Ditto í Gossip hélt uppi miklu fjöri milli þess sem hún hellti í sig áfengi af einhverjum toga á sviðinu. Hún tók aftur og aftur fram hve mikið hún elskaði Dani og sagðist vera tilbúin að kíkja í heimsókn til einhvers af gestunum ef sá hinn sami byði upp á köku. Jack White átti óneitanlega einhverja eftirminnilegustu upptöðslu hátíðarinnar. Virkileg unun var að fylgjast með undirleikssveitinni hans sem samanstóð af fimm ofursvölum rokkkvendum. White tilkynnti hátíðargestum að ein kvennanna væri frá Roskilde sem vakti augljóslega mikinn fögnuð. Hápunktur tónleikanna segir sig sjálfur, lagið Seven Nation Army var einhverra hluta vegna óformlegt mótslag EM 2012 í knattspyrnu og mátti heyra hátíðargesti syngja aðalstef lagsins úti um allt, alla helgina.

Lav. 7. júlí

Íslenskur sigur í nektarhlaupinu

Nektarhlaupið fór fram í dag og íslenskur strákur bar sigur úr bítum. Fyrir vikið gekk maður um hátíðarsvæðið í dag sem stoltur Íslendingur. Ætli mamma hans sé stolt af honum? The Roots stálu senunni á Orange-sviðinu í dag. Prógrammið var ofurþétt og jafnvel þótt ég hafi ekki þekkt mörg laganna héldu tónleikarnir mér frá fyrstu mínútu. Inn í lagalistann sinn tvinnuði hljómsveitin helling af bútum úr sígildum lögum, eins og Sweet Child o' Mine, Jungle Boogie og Rock and Roll Anthem, sem féll vel í kramið. Bon Iver tróð upp á næststærsta sviði Hróarskelduhátíðarinnar, Arena, og ég verð ekki samur eftir þetta (sjá „Hápunktur ferðarinnar“). Tónleikar Roots og Bon Iver voru skemmtilegar andstæður. Aðalrappari fyrrnefndu sveitarinnar kynnti þá sífellt til leiks sem „hina goðsagnakenndu hljómsveit Roots“ og lét áhorfendur vita að þeir væru að fylgjast með þeim albestu, á meðan Justin Vernon, forsprakki Bon Iver, var hógvæðin uppmáluð.

Sv. 8. júlí

Björk er goðsögn

Fjórði og síðasti tónleikadagurinn hefur runnið sitt skeið og enn fæ ég svör á ensku þegar ég reyni að spyrja einhvern eða panta mér mat á dönsku. Þótt Bon Iver-tónleikarnir hafi verið mitt uppahald á hátíðinni var okkar eigin Björk eini tónlistarmaðurinn sem veitti mér gæðahúð með söng sínum. Umdeilanlegt er hversu vel Bíófíliuprógrammið hentar sem lokaatriði á jafnstórra tónleikahátíð og Hróarskelda er, en fyrir mitt leyti var ég dáleiddur af því allan tímann hve magnaður listamaður Björk er og hve langt hún hefur náð. Það er gaman að fá svona sterka áminningu um það endrum og eins. Að sama skapi var atriðið frábær landkynning. Ekki nóg með að íslenski stúlknakórinn Graduale Nobili hafi sprangað um sviðið og rokkað allt í tætlur, heldur fylltu til dæmis myndir af íslensku landslagi stóra skjái sviðsins þegar tónlistarmyndbandið við lagið Joga var sýnt auk þess sem hún tileinkaði Eyjafjallajökli eitt lagið sitt.

BON IVER FÉKK UNDIRRITADAN
NÁNAST TIL GRÁTA VEGNA
FEGURDARINNAR



„Ég ætla að fá milljón bjóra, takk“

Frægasta typpi Íslands?

Pétur Geir Grétarsson varð fyrsti Íslendingurinn til að sigra nektarhlaupið í Hróarskeldu

„Ég hafði heyrt um þetta hlaup einhvern tímann þegar ég var yngri og hugsaði strax að ég væri rétti vitleysingurinn í þetta. Þegar ég kom síðan hingað hugsaði ég sem fyrirlíði bjórdrykkjuliðsins FC Bumba að ég yrði að taka þátt og sigra með glæsibrag,“ sagði Petur Geir Grétarsson, 22 ára sigurvegari nektarhlaupsins í Hróarskeldu, þegar undirritaður rakst á hann að sigri loknum. „Ég var svo sem ekki búinn að undirbúa mig neitt alvarlega. Ég pældi í því að mæta nakinn í World Class til að fá tilfinningu fyrir þessu en svo hugsaði ég að fólkíð þar tæki illa í það,“ bætti hann við á létum nótum, en hvernig var tilfinningin að koma fyrstur í mark í þessu skrautlega hlaupi? „Að koma í mark hlaupandi á sprellum fyrir framan 2.000 manns og 30 ljósmyndara er bara mjög fyndið og skemmtilegt. Þetta var ótrúleg upplifun.“



Myndir/ Heiðis Inga Hilmarsdóttir

Blaðamaður sótti blaðamannafund og leiðsagnartúr á meðan á dvöl hans stóð og sankaði að sér **fánýtum fróðleik** um hátíðina

- Undanfarin ár hafa allt upp í 130.000 manns sótt hátíðina. Þar af starfa 32.000 manns sem sjálfbóðaliðar á hátíðinni.
- Hátíðin er ekki rekin í gróðaskyni heldur rennur allur ágóðinn til góðgerðamála.
- Gestirnir og sjálfbóðaliðarnir dvelja á svæði sem samsvarar 250 fótboltavöllum sem veldur því að þéttbýlið á svæðinu er töluvert meira en í stórborg á borð við Shanghai.
- Á hátíðinni eru afgreiddir 1.000.000 bjórar, fimmtán tonn af frónskum kartöflum og fimm tonn af kaffi.
- Á hátíðarsvæðinu má finna líklega lengstu pissuskál heims sem gjarnan er kölluð „the Yellow River“. Um er að ræða skurð sem umlykur stóran hluta svæðisins þar sem gestir og gangandi geta kastað af sér vatni þegar þeim sýnist svo.
- Uppruni stóra appelsínugula tjaldsins við aðalsvið hátíðarinnar, Orange Stage, má rekja til Rolling Stones. Tjaldið, sem er einkennistákn Roskilde Festival, var upphaflega hannað fyrir Bretlandstúr hljómsveitarinnar árið 1976 en var keypt af aðstandendum Hróarskelduhátíðarinnar tveimur árum seinna.
- Heimildir undirritaðs herma að á laugardegnum hafi ungur íslenskur maður að nafni Ólafur Björn Tómasson verið á röltinu um hátíðarsvæðið þegar hann sá forlata kúrekahatt sem hann ákvað að taka upp af jörðinni og setja á sig. Sama kvöld stóð hann tiltölulega framarlega á tónleikum Bruce Springsteen. Á miðjun tónleikum gekk Bruce fram fyrir sviðið og upp að fremstu tónleikagestum og viti menn, hann kippti hattinum af kalli íslenska stráksins, setti hann á sjálfan sig og fór með hann upp á svið. Skemmtileg tilviljun, ekki satt?



Á HRÓARSKELDU ER MIKIL HEFD FYRIR GRAFFÍTI



ÞAÐ AÐ VERA MED TENNUR ER EKKI INNGÖNGUSKILYRÐI Á HRÓARSKELDU

HÁPUNKTURINN:

Undirritaður er forfallinn aðdáandi Bon Iver og fór því með virkilega háar væntingar á tónleika sveitarinnar sem fram fóru á laugardagskvöldinu á Arena-sviðinu. Í stuttu máli stóðust tónleikarnir allar þær væntingar og rúmlega það, tónleikunum hefði mátt líkja við trúarlega upplifun af einhverju tagi. Tónleikarnir risu hvað hæst að mati undirritaðs í lögunum Holocene, þar sem hálfur salurinn hóf kveikjara til lofts, og í laginu Skinny Love, þar sem hver einasti gestur tók undir í hverju orði. Justin Vernon, aðalmaðurinn á bak við Bon Iver, tók fram að kveikjarasenann hefði aldrei átt sér stað áður.

ÓVÆNTASTA ÁNÆGJAN:

Fyrir Hróarskelduhátíðina hafði undirritaður lítið kynnt sér hiphop-sveitina The Roots frá Philadelphia en vissi þó að þeir hefðu orð á sér fyrir að vera stórskemmtilegir á sviði. Líklega hefði ég samt átt að sjá fyrir að þeir yrðu magnaðir. Ég meina, getur hljómsveit þar sem trommuleikarinn skartar lýtalausri afróklippingu og ber heitir Questlove klikkað? Og já, túbuleikarinn kallar sig Tuba Gooding Jr., hversu kostulegt er það?

ÞJÓÐARSTOLTID:

Að öllum þeim Íslendingum sem sóttu hátíðina ólöstuðum, þá deila eftirtaldir aðilar þessum titli. Björk Guðmundsdóttir, stelpurnar í Graduale Nobili-kórnum og Petur Geir, fyrsti íslenski sigurvegarinn í sögu nektarhlaupsins á Hróarskelduhátíðinni.

HÚÐFLÚRIÐ:

Á þeim fjórum dögum sem undirritaður varði á Hróarskeldusvæðinu urðu líklega á vegi hans fleiri tattú en um ævi hans alla til þessa. Myndirnar segja víst meira en þúsund orð svo best er að láta þær tala sínu máli.

SKRÓPIÐ:

Undirrituðum varð snemma ljóst að mun meiri eftirvænting ríkti fyrir tónleikum Bruce Springsteen heldur en nokkrum öðrum tónleikum á hátíðinni. Svæðið við Orange-sviðið er sagt taka 60.000 manns en spámenn töldu líklegt að 80.000 manns myndu mæta til að berja rokkgoðið augum. Undirritaður gerði sér hins vegar lítið fyrir og skrúpaði á Bruce í því skyni að geta verið framarlega á Bon Iver-tónleikum, sem fóru fram á sama tíma, og sá því ekki eina einustu mínútu af rúmlega þrjúgjá klukkutíma löngu programmi Stjórans svokallaða.

ÞESSI LEIÐTOGI ER GANGANDI AUGLÝSING FYRIR HÁTÍÐINA



SÉRÐU BÍTLANA, JIMI, JANIS OG JIM?



UNDIRRITAÐUR SKRÓPAÐI Á BRÚSARANN

Lightweight Ready To Go
Flexi-foam
Ready To Go
GOwalk
Flexi-foam
Ready To Go

Skechers GOwalk fisléttir og sveigjanlegir

Þú færð GO walk skó í: Skóris, Kringlunni og Smáralind Intersport Lindum, Kópavogi | Steinar Waage, Kringlunni og Smáralind Fjarðarskór, Hafnarfirði | Blómsturvellir, Hellisandi | Skóhúsið, Akureyri | Mossuskór, Akureyri | Skóbúð Húsavíkur, Húsavík | Sentrum, Egilsstöðum | Lónið, Höfn | Hornafirði | Axel Ó, Vestmannaeyjum



TUBA GOODING JR. OG FÉLAGAR Í THE ROOTS



STELPURNAR Í GRADUALE NOBILI



Seyðisfjörður

2012 LungA

www.lunga.is

Legend



Hermigervill



Sudden
Weather
Change



Retro
Stefson



Ojba
Rasta



Samaris



Tónleikar LungA
Laugardaginn **21. júlí**
Forsala á midi.is


+

Listasmiðjur
Sýningar & gjörningar
Fatahönnunarsýning
& margt fleira!

15. - 22. júlí

Óttast ekki aukna pressu

Gylfi Þór Sigurðsson tók á dögnum sitt stærsta skref á fótboltaferlinum til þessa. Hann ræddi við **Monitor** um ákvörðunina stóru, lífið í stærstu fótboltadeild heims og svaraði spurningum lesenda.





Síðasta sem ég:

Síðasti veitingastaður sem ég borðaði á: Það var á Zizzi's, ítölskum stað sem er rétt hjá æfingasvæðinu. Ég fékk mér kjúklingarétt sem var bara nokkuð góður.



Síðasta skipti sem ég fellði tár eftir að hafa tapað fótboltaleik: Ég hef líklega verið nokkuð ungur þegar það gerðist síðast, ég var virkilega tapsár þegar ég var lítill. Maður var nú reyndar kannski alveg nálægt því þegar við misstum af sæti í undanúrslitum á EM með U21 en ég held að ég hafi verið svona tólf ára kannski.



Síðasta bíómynd sem ég horfði á: Ég fór á Svartur á leik í Bló Paradís. Mér fannst stemningin í þessu bíói virkilega steikt en myndin var bara mjög góð.



Síðasti hlutur sem ég keypti mér: Ég þurfti að kaupa mér nýtt hleðslutæki fyrir Blackberry-símann hérna úti því ég gleymdi hleðslutækinu mínu heima á Íslandi.



Síðasta húsv verk sem ég innti af hendi: Ég setti lokið á pottinn í bústaðnum. Það gekk bara mjög vel, ég gerði það meira að segja aleinn.



Síðasta skipti sem ég sagði einhverjum að mér þætti *vent* um hann: Það var við kærustuna í gærkvöldi, það var mjög rómantískt og allt.



Lesendur spyrja Gylfa

Hvað er metið þitt í að halda á lofti?

Þegar ég var svona þrettán eða fjórtán ára var það eitthvað í kringum 6.000. Það var síðasta skipti sem ég taldi.



Spilar þú Football Manager?

Nei, hef aldrei spilað hann. Ég var vanur að fara frekar út í fótbolta að leika mér í staðinn fyrir að spila þennan leik.



Hvernig kynntist þú kærustunni þinni?

Það var í gegnum herbergisfélaga minn með landsliðinu, Kolbein Sigþórsson. Þau eru frændsystkini.



Telur þú að Ísland eigi raunhæfa möguleika á að komast á stórmót í náinni framtíð?

Já, að sjálfsögðu. Við erum með marga unga og góða stráka sem eru að koma upp núna og það er kominn tími á að fara að geta eitthvað. Núna eftir að Lars tók við höfum við verið að sýna aðeins betri leiki en við höfum gert á undanförunum árum svo ég held að möguleikar okkar séu fínir.




Með hverjum hélt þú á EM um daginn?

Ég hélt með Hollendingum og svo spila Spánverjar það skemmtilegan bolta að það er ekki annað hægt en að halda aðeins með þeim.



Hvert er eftirminnilegasta markið sem þú hefur skorað?

Ég held að það sé seinna markið sem ég skoraði á móti Skotlandi með U21-liðinu.



Stuðullinn á að þú skorir yfir 8,5 mörk í vetur fyrir Tottenham er 2,20. Ætti ég að veðja á þetta?

Já, að sjálfsögðu.



Hvað er það dýrasta sem þú hefur keypt þér?

Ætli það sé ekki bara bíllinn minn, Porsche Panamera Turbo.

Hvað varst þú að gera í Bandaríkjunum í fríinu þínu?

Við Eggert Gunnþór, félagi minn í landsliðinu, spiluðum mikið golf, slöppuðum af á ströndinni og fórum á jet-ski. Við fórum líka á Miami Heat – Boston Celtics.

Geturðu talað þýsku?

Já, ég er sleipur í þýskunni.

Að því gefnu að þú sért búinn að mæta á æfingu hjá Tottenham, hver finnst þér mesti snillingurinn eða nettasti gaurinn í liðinu?

Ég er ekki enn búinn að hitta alla en það er allavega mjög skemmtilegt að hlusta á David Bentley, hann er mjög fyndinn.

Hver er uppáhalds íslenski fótboltamaðurinn þinn frá upphafi?

Eiður Smári.

Liturðu á þig sem besta knattspyrnumann Íslands? Ef ekki, hver er bestur?

Nei, Eiður Smári er bestur og hefur verið það í mörg ár.

Telurðu þig geta náð jafnmiklum árangri og Eiður Smári?

Já, ég er náttúrulega enn bara 22 ára og vonandi ganga hlutirnir þannig upp hjá mér á næstu árum þannig að ég geti náð eins langt og ég vil.

GYLFI SIG

Á 30 SEKÚNDUM

Fyrstu sex: 080989.

Uppáhaldsmatur: Humar.

Uppáhaldsstaður í heiminum:

Hafnarfjörður og sumarbústaðurinn.

Það sem ég hlakka mest til varðandi mitt fyrsta tímabil hjá Tottenham: Að spila á White Hart Lane.

Það sem ég er stressaðastur fyrir: Að þurfa að syngja fyrir liðsfélagana, sem er eitthvað sem nýliðar í enskum fótbolta- liðum þurfa alltaf að gera.

Forgjöf í golfi: Í kringum 12.

Æskuátrúnaðargoð: David Beckham.



Tottenham treyjur verða til sölu hjá Jóa útherja frá 20. júlí. Allir sem kaupa treyju til 1. september eiga möguleika að komast á leik Tottenham - Wigan 2-4. nóvember 2012*



* Flug, gisting, morgunmatur og miðar á leikinn fyrir tvo.

VIÐ ERUM AÐ KYNNA HÁMARK

FJÓRAR LJÚFFENGAR BRAGÐTEGUNDIR

HÁMARK HRAUSTUR LÍKAMI - HEILBRIGÐ SÁL





VILTU VINNA MIÐA?

ÍSÖLD 4 HEIMSÁLFUHOPP

KOMIN Í BÍÓ Í 3D

SENDU SMS SKEYTIÐ EST IS4 Á NÚMERIÐ 1900 OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ!

FULLT AF VINNINGUM: BÍÓMIÐAR

TÖLVULEIKIR - DVD MYNDIR - GOS OG FLEIRA!

VINNINGAR AFHENTIR Í ELKO LINDUM. 199 KR/SKEYTIÐ. MEÐ ÞVÍ AÐ TAKA ÞÁTT ERTU KOMINN Í SMS KLÚBB.

Cocoa Puffs

9. HVER VINNUR! FJÖLDI AUKAVINNINGA

WWW.SENA.IS/ISOLD4

sená

kvikmyndir

„Ég var að komast að því núna, eða ég er búinn að vita það ísvoltinn tíma að ég er gay, eða hommi.“ **Strákarnir okkar (2005)**

FRUMSÝNINGAR HELGARINNAR



Ísöld 4: Heimsálfuhopp

Eins og venjulega þá er Scrat enn að berjast við akarnið sitt og í þetta skipti veldur hann því fyrir slysi að landrekið mikla hefst og heimsálfurnar fara að myndast. Þessar miklu náttúruhamfarir verða til þessað Manni, Dýri og Lúlli þurfa að leggja í ævintýrlegan leiðangur eftir að

Leikstjórn: Steve Martino og Mike Thurmeier.
Aðalhlutverk: Jennifer Lopez, John Leguizamo, Queen Latifah, Seann William Scott, Ray Romano og Denis Leary.
Lengd: 94 mínútur.
Aldurstakmark: Leyfð öllum.
Kvikmyndahús: Smárabíó og Háskólabíó.

þeir verða strandglópar á borgarísjaka sem ber þá langt í burtu frá heimkynnum sínum. Þeir sigla út á haf á jakanum til að kanna nýja veröld og lá leið sinni mæta þeir hinum ýmsu sjávarskeppum og komast í kast við sjóræningja sem eru staðráðnir í að hindra þá í að snúa aftur heim.



VILTU VINNA MIÐA?

Monitor ætlar að gefa miða á Ísöld 4 eða Ted fylgstu með ... facebook.com/monitorbladi



Ted

John Bennet óskar sér í æsku að bangsinn hans lifni við svo þeir geti talað saman og leikið sér. Sökum einhverra galdra rætist óskinn hans og Ted og John verða alveg óaðskiljanlegir. En þegar þeir vaxa úr grasi kemur aftur á móti í ljós að Ted er ekki alveg sáttur við að vera bara úr bómull og svampi því innra með honum búa sömu tilfinningar og langanir og hjá mennsku fólki. Þó honum þyki

Leikstjórn: Seth MacFarlane.
Aðalhlutverk: Mark Wahlberg, Mila Kunis og Seth MacFarlane.
Lengd: 106 mínútur.
Aldurstakmark: Bönnuð innan 12 ára.
Kvikmyndahús: Laugarásbíó, Smárabíó og Háskólabíó.

endalaust vænt um John þá vill hann eitthvað meira. Og þó það eigi að vera ómögulegt fyrir tuskudýr þá tekst Ted að hafa veruleg áhrif á einkalíf John. Seth MacFarlane, höfundur Family Guy og American Dad, færir okkur gamanmyndina Ted og það er óhætt að segja að MacFarlane fari, í fyrstu kvikmynd sinni í fullri lengd, langt yfir öll velsæmismörk, eins og honum einum er lagið.

SVARTHÖFÐI.IS ...Allt sem þú þarft ekki að vita um Spider-Man



Unglingaveika ofurhetjan - Saga Köngulóarmannsins

Hollywood hefur í andleysi sínu og hugmyndafátækt undanfarinna ára sótt sér efnivið markvisst í myndasögum. Myndasögubransinn iðar af lífi og hverfist um miklu meira en grímuklæddar ofurhetjur sem mest fór fyrir á árum áður. Ofurmennin hafa þó síður en svo lagt áratu á bát og þannig hafa Köngulóarmaðurinn, Leðurblökumaðurinn og Súpermann allir gert nýja atlögu að hvíta tjaldirni á allra síðustu árum.

Daður kvikmyndagerðarmanna við myndasögur skilar sér stundum í prýðilegum bímyndum en oftar en ekki er afraksturinn hrein hörmung og í því sambandi er myndasöguhöfundurinn Alan Moore nærtækasta dæmið. Hann er í fremstu röð myndasöguhöfunda og hefur mátt horfa upp á miðþyrmingar verka sinna í myndum á borð við A League of Extraordinary Gentlemen og From Hell.

Hvað ofurhetjumar varðar hafa verið gerðar afleitar tilraunir til að koma Daredevil og Elektru á filmu. Fyrsta myndin um Fantastic Four-gengið var heldur ekki burðug og þrátt fyrir ágætistilpróf er varla hægt að segja að The Punisher með Tom Jane í hlutverki Refsarans hafi verið myndasögupersónunni til framdráttar.

Köngulóarmaðurinn hittir í mark

Spider-Man-myndir leikstjórans Sam Raimi urðu þrjár og voru í það heila afskaplega vel heppnaðar. Raimi byggir á þekktum myndasögum um unglingspiltinn Peter Parker og nálgast sögunnar af slíku innsei og virðingu fyrir viðfangsefninu að aðdáendur Lóa tóku myndum hans vægast sagt fagnandi.

Köngulóarmaðurinn hefur verið vinsælasta ofurhetja Marvel-myndasöguútáfunnar í áratugi og hefur verið í fylkingarbrjósti skrautlegs hetjugallerís fyrirtækisins. Taugin sem tengir Spider-Man og Marvel er svo römm að þegar fyrirtækið fékk skráningu í Kauphöllinni í New York, fyrst allra myndasöguvirkja, tilkynnti Wall Street Journal í fyrirsögn að Köngulóarmaðurinn væri að koma til Wall Street.

Köngulóarmaðurinn kom fyrst fyrir sjónir í Lesenda árið 1962 í ágústhefti Amazing Fantasy. Hann sló strax í gegn og fékk sína eigin seríu, The Amazing Spider-Man, árið 1963.

Kossar Köngulóarmannsins

Spider-Man er hugarfóstur hins goðsagnakennda myndasöguhöfundar Stan Lee og teiknarans Steve Ditko. Marvel vildi fylgja miklum vinsældum Fantastic Four og fleiri ofurhetja eftir og Lee lagði því hausinn í bleyti og Spider-Man stökk fram á sjónarsviðið. Eftirspurn unglinga eftir myndasögum hafði stigmagnast um þetta leyti og Lee hafði

það að leiðarljósi að nýja hetjan ætti að geta höfðað sérstaklega til ungs fólks.

Niðurstaðan varð gelgjan Peter Parker, munaðarlaus skólapiltur sem ólst upp hjá May frænku sinni og Ben frænda. Hann var feiminn, óruggur og óframfærinn en líf hans tók stakkaskiptum eftir að geislavirk könguló beit hann og breytti honum í ofurmenni með köngulóaríva.

Sögurnar um Köngulóarmanninn voru öðrum þræði hreinræktad unglingadrama og hremmingar Peters í ástarlífi og samskiptum við jafnaldra sína minna um margt á klassísk viðfangsefni unglingsápuopera á borð við Beverly Hills 90210 og O.C.

Ástaml Peters voru flókin, enda enginn hæðarleikur að lifa tvöföldu lífi og halda hitanum í tilfinningasamböndum. Þá auðveldaði það Peter ekki lífið að hinir litskrúðugu fjendur hans áttu það til að beina spjótum sínum að kærustum hans og þannig varð til dæmis Green Goblin æskuástinni Gwen Stacy að bana.

Gwen átti hug Peters allan framan af en Mary Jane, stóra ástin í lífi Lóa í bímyndunum, kom síðar til sögunnar. Þrátt fyrir ýmsar hremmingar í því sambandi gengu Peter og Mary Jane í hjónaband þar sem á skiptust skin og skúrir.

Ástin og tilfinningaflækjur í samböndum Peters við konur voru þó ekki einu unglingavandamálíni sem Köngulóarmaðurinn þurfti að kljást við á síðum myndasagna þegar hann afklæddist búningnum. Lyfjaneysla Harrys, besta vinar Peters, var áberandi á tímabili og þar var um viss tímamót að ræða þar sem fikniefnaneysla hafði ekki þótt æskilegt vandamál í myndasögum. Persóna Parkers og mannlæg vandamál hans og vana hans höfðu síðan víðtæk áhrif á myndasögubransann þar sem áherslan á mannlegri ofurhetju og hversdagsleg vandamál þeirra varð almennari eftir að Köngulóarmaðurinn sló í gegn.

Hetja unga fólksins

Stjórændur Marvel höfðu ekki mikla trú á unglíngnum með köngulóarkraftana þegar Stan Lee kynnti Spider-Man fyrir þeim en þó varð úr að nýju hetjunni var gefið eitt tækifæri í Amazing Fantasy, blaðaseríu sem búið var að ákveða að slá af og var að renna sitt skeið á enda. Blaðið náði hins vegar metsölu, Marvel áttaði sig á möguleikum Spider-Man og Lee fékk tækifæri til þess að vinna frekar með ungu hetjuna.

Spider-Man átti greiðan aðgang að amerískri æsku og festi sig á met tíma í sessi sem poppmeningarlegt íkon. Árið 1965 gerði tímaritið Esquire könnun meðal framhaldsskólanema og þá kom á daginn að unga fólkið setti Spider-Man, ásamt annarri



WATCH OUT, HERE COMES THE KÖNGULÓ

Marvel-hetju, risanum The Hulk, á stall með Bob Dylan og Che Guevara sem sínar helstu andófsbetjur.

Köngulóarmaðurinn hefur, sem fyrr segir, verið í fremstu víglínu Marvel í háa herrans tíð og hefur barist við hlið flestra hetja Marvel-heimsins í ótal bókum og blöðum og hefur tekið á við alla helstu skúrka þessa myndasöguheims. Þrífleikur Raimis ytti enn frekar undir og endurnýjaði vinsældir hans og sprendgi þær langt út fyrir dyggan og risavaxinn aðdáendahópinn sem fylgist með honum í myndasögum.

Í fimm áratuga sögu Köngulóarmannsins á prenti hafa ófáir höfundar komið að sögunum um hann. Hann hefur farið í gegnum ýmsar breytingar. Dáðið, lifnað við aftur, verið klónaður en heldur alltaf sínu striki. Fjöldi bóka og blaða um hetjuna er því yfirþyrmandi og andstæðingarnir nánast óteljandi þannig að ekki skortir efniviðinn og það mætti því hælega deila út kvikmyndum um hann um ókomin ár svo lengi sem vinsældirnar halda.

Hetjur sprotnar upp úr leiðindum

Stan Lee á heidurinn af nokkrum vinsælustu og rómuðustu ofurhetjum Marvel-útáfunnar. Hann byrjaði ungur að vinna við myndasögur og var fljótur að vinna sig upp þar sem hann sýndi strax óvenjunæman skilning á eðli miðilsins.

Fyrstu hetjurnar sem hann skóp og eftir var tekið voru fjórmenningarnir í Fantastic Four-genginu en fyrsta blaðið um vísindamanninn Reed Richards og félagan hans kom út árið 1961. Nokkrum árum áður hafði DC Comics endurskilgreint ofurhetjuhefðina með góðum árangri, ekki síst með sögum um Flash og síðar The Justice League of America. Lee var fenginn til að svara þessu með nýjum

Marvel-hetjum og í samvinnu við ýmsa aðila á hann heiðurinn af Hulk, Daredevil, Iron Man, Thor, X-Men, Doctor Strange og svo auðvitað þeim allra vinsælasta, sjálfum Spider-Man.

Þegar Lee fékk þetta verkefni var hann þjakaður af starfsleiða og var að íhuga að segja skilið við myndasögubransann. Á sama tíma og hann byrjaði að vinna við myndasögur breytti hann nafni sínu úr Stanley Lieber í Stan Lee og stefndi alltaf að því að nota sitt rétta nafn aftur þegar hann legði metnaðarfyllri skrif fyrir sig.

Hann ákvað að taka sjensinn og skapa ofurhetjur sem væru þjakaðar af mannlægum brestum og vandamálum. Hann hefði hvort eð er engu að tapa þar sem hann væri á útleið. Hetjur hans voru skapstyggar, þunglyndar, hegómlegar og jafnvel gráðugar, glímdu við drykkjusýki og þurftu að takast á við leiðindi daglegs lífs.

Lesendur voru tilbúnir fyrir þessa Lestefnubreytingu og Lee komst loks að því að hann gæti fengið útrás fyrir sköpunargleði sína í myndasögum og það er óhætt að segja að með vinnuleiða sínum hafi Lee haft varanleg áhrif á ofurhetjuhefðina.

Lee hefur í seinni tíð meðal annars unnið fyrir DC og tekið hressilegan snúning á helstu hetjum fyrirtækisins, þeim Superman og Batman. Þá hefur hann látið sjá sig í örhlutverkum í kvikmyndum um Marvel-hetjurnar.

Árið 2005 höfðaði hann mál á hendur Marvel vegna þess að hann taldi sig eiga inni sinn hluta af hagnaði fyrirtækisins á kvikmyndaréttinum á hugverkum hans. Málinu lauk með sátt og Lee fékk greiddar 10 milljónir dollara.

www.svarthofdi.is

KVIKMYND

Kjaftfor krúttbangsi

Síðastliðnir mánuðir hafa að mínu mati ekki verið nógu bitastæðir í grínmyndadeildinni og því er tilkoma Teds sem ferskur andvari í kvikmyndahúsin. Hér er á ferðinni drepfýndin mynd sem skartar skemmtilegum leikurum í hverju hlutverki í bland við svartan og góðan húmor úr hugarheimi Seths MacFarlane. Myndin segir frá John Bennett (Mark Wahlberg) sem í æsku var vinalaus og óskaði sér einskis heitar en að tuskubangsinn sinn Ted (Seth MacFarlane), myndi gæðast lífi svo þeir gætu orðið bestu vinir að eilífu. Að sjálfsögðu rætist óskinn og 25 árum seinna eru þeir ennþá óaðskiljanlegir. Undarlegt samband þeirra er hinsvegar byrjað að eyðileggja fyrir John og kærustu hans Lori (Mila Kunis), og því myndast togstreita á milli þeirra vana sem þeir hafa ekki þurft að takast á við áður.




HJÁLMAR PÁLSSON

MMMMM

Aukaleikarnir stela senunni

Þó svo að Mark Wahlberg og Mila Kunis standi sig ágætlega í sínum hlutverkum þá er það Seth MacFarlane og aukaleikar myndarinnar sem oftar en ekki stela senunni. Það má eflaust þakka MacFarlane fyrir það, en ásamt því að tala fyrir bangsann þá situr hann einnig í leikstjórstólnum og hefur hann fengið til sín gömul og góð andlit úr Hollywood til að takast á við aukahlutverkin. Án þess að gefa það upp hver þau eru þá gæða þau Ted miklu lífi og gera hana mun betri fyrir vikið. Sorinn og svarti húmorinn sem kemur út úr loðnum munnli tuskubangsans er einnig óborganlegur og kitlaði hann ítrekað hláturtaugar. Reyndar fékk ég einstaka sinnum samviskubit af því að hlæja að bröndurum bangans, svo grófur var hann. Family Guy-genið í gegn í Ted, en eins og flestir vita er MacFarlane hugmyndasmiðurinn á bakvið þá þætti og svo virðist sem hann hafi einstaklega gott lag á því að stuða fólk. Ég mæli hiklaust með Ted fyrir þá sem vilja gleyma sér yfir stórskemmtilegri grínmynd í 90 mínútur, hlæja mikið og hafa þykkan skráp.





HVERSDAGS:

KJÓLL: H&M

PEYSA: MARKAÐUR Í BERLÍN

HÁLSMEN: MARKAÐUR Í BERLÍN

SKÓR: PAUL'S BOUTIQUE, BERLÍN



UPPÁHALDS:

KJÓLL: RAUÐI KROSSINN

SKÓR: PAUL'S BOUTIQUE, BERLÍN

HÁLSMEN: NOSTALGÍA

Myndir/ Sigurgeir S.



SUMARRESSIÐ:

GALLABUXUR: SPÚTNIK

BOLUR: TOPSHOP

BELTI: HJÁLPRÆDISHERINN

SKÓR: SKÓMARKAÐUR Í BERLÍN

Gaman að sjá hvernig fólk tjáir sig í gegnum **fötin**

Þórey Bergsdóttir nítján ára *Verzlingur* en í sumar starfar hún sem þjónn á veitingastaðnum *Þrír Frakkar*. Þórey hefur mikinn áhuga á tísku og finnst henni sérstaklega gaman að gramsa eftir gersemum á fatamörkuðum. **Stíllinn** fékk Þóreyju til að klæða sig upp fyrir fjögur mismunandi tilefni.

Hvernig myndir þú lýsa stílnum þínum?

Ég myndi segja að stíllinn minn sé mjög frjálstlegur. Fatavalið fer mjög mikið eftir skapi en á heildina litið geng ég mest í kjólum og blanda mikið saman notuðum og nýjum fötum.

Hvar kaupir þú helst fötin þín?

Hérna heima versla ég helst í Kolaportinu, Spútnik, Topshop og á fatamörkuðum. Þar sem ég er algjör gramsari elska ég að fara á fatamarkaði. Í útlöndum kaupir ég líka mjög mikið á mörkuðum og í second hand-búðum en fer líka alltaf í American Apparel, Weekday og H&M.

Hefur þú mikinn áhuga á tísku?

Ég hef alltaf haft mikinn áhuga á því

sem er að gerast í tískuheiminum og að fylgjast með nýjum straumum og stefnum sem eru að myndast. Ég hef líka gaman af götutísku og finnst mjög gaman að skoða tískublogg á netinu, það er svo skemmtilegt að sjá hvernig fólk getur tjáð sig í gegnum fötin sín.

Hver er best klædda kona heims?

Mér finnst Svala Björgvins oft mjög töff og skemmtileg í fatavali, en þó er engin ein kona frekar en önnur sem mér finnst vera best klædda kona heims.

Hvað er ómissandi að eiga í fataskápnum fyrir sumarið?

Magaboli, fallegan og litríkan kjól og schrunchie-teygju.

Hver hafa verið þín verstu

tískumistöð?

Ég er sek um þann glæp að hafa átt ljósar og þunnar gallabuxna-leggings sem ég notaði óspart sem buxur, ekki mjög smart.

Hvað ætlar þú að gera í sumar?

Ég er nýkomin heim eftir fimm vikna dvöl í Berlín. Þar var ég í þýskum skóla að læra þýsku og að njóta lífsins. Núna tekur vinnan við það sem eftir er sumars til að safna aftur smá-aurum inn á kortið.

Hvort myndir þú frekar vilja vera forseti eða rokkstjarna?

Ég verð að segja rokkstjarna því að mér finnst tilhugsunin um að vera rokkstjarna miklu meira spennandi en tilhugsunin um að vera forseti.



SPARI:

KJÓLL: VINTAGE-BÚÐ Í BELGÍU

BELTI: HJÁLPRÆDISHERINN

SKÓR: KRONKRON

ALLT Í LIT FYRIR HVERFAHÁTÍÐIR
Íþróttaviðburði og aðrar hátíðir!



snazaroo
the world's favourite face and body paint
Hágæða andlitslitir



StarGazer™
Litaðir háruðar í miklu úrvali skolast úr í einum þvotti

Ódýrustu blöðrur á landinu!
Kr. 25 stykkið
Margir litir í boði
Kr. 150 með helium!



Hokus Pokus
Laugavegi 69 - Sími 551-7955
www.hokuspokus.is
Vefverslun

Tónlist.is og  kynna

Ert þú á
leiðinni að sjá
Lady
Gaga

LADY GAGA



Prófaðu **Tónlist.is** og þú gætir
verið á leiðinni á stórtónleika með
Lady Gaga í London.

Farðu inn á **Tónlist.is** og skráðu þig.
Enginn skuldbinding.

 **Tónlist.is**

 **wow**
air

 **Gaman**
Ferðir www.gaman.is

SVONA SVARAR GYLFI ÞÓR
ÞORSTANUM



ÓMISSANNDI HLUTI AF ÁRANGRI

V SPORT er bragðgóður og hitaeiningasauður íþróttadrykkur. Hann inniheldur nauðsynleg vítamín og steinefni og bætir upp vökva- og steinefnatap eftir áreynslu.



Innihald í 500 ml

Níasin 12 mg 75%	Fólasín 150 µg 75%	Kalk 120 mg 15%	Magnesium 55 mg 15%	Bíótín 37,5 µg 75%	B5 4,5 mg 75%	B6 1,05 mg 75%	B12 1,90 µg 75%
------------------------	--------------------------	-----------------------	---------------------------	--------------------------	---------------------	----------------------	-----------------------

Hlutfall af raðlögðum dagskammti